



6. gr.

Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð. Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

7. gr.

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrri ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatríðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Verði að því stefnt, að á Akureyri risi sjálfstæður tækniskóli.

8. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeild skólans skal veita þeim nemendum, sem staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem staðizt hafa gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla og fullnægja ákvæðum reglugerðar um verklega þjálfun, sbr. 3. mgr.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

Ákvæði um verkskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólan, skal setja í reglugerð.

9. gr.

Rétt til að hefja tæknifræðinám í skólanum hafa þeir nemendur, sem staðizt hafa próf frá raungreinadeild skólans eða lokið stúdentsprófi frá stærðfræðideild menntaskóla ásamt viðhlítandi verklegri þjálfun, sbr. 8. gr., svo og þeir nemendur, sem standast inntökupróf skólans.

10. gr.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

11. gr.

Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

12 gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum, að höfðu samráði við rektor og skólanefnd, reglugerð um framkvæmd þessara laga, og skal þar m. a. kveðið á um þessi atriði:

1. Skipan skólastjórnar.
2. Starf og hlutverk skólanefndar, skólastjórnar, rektors, deildarstjóra og fastaráðinna kennara.
3. Deildir skólans og sérgreinir tæknifræðináms (sbr. 6. og 9. gr.).
4. Inntökuskilyrði, bókleg og verkleg (sbr. 8. gr.).
5. Námsstíma, þ. á m. lengd skólaárs og námsáfanga (sbr. 5. gr.).
6. Próf, þ. á m. lokapróf, tilhögun prófa, einkunnakröfur, endurtekningu prófa og haustpróf.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði í júní 1971 til þess að endurskoða lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Hinn 25. júní 1971 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að endurskoða lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Í nefndina voru skipaðir: Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, formaður, Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskóla Íslands, og Jón Sveinsson, tæknifræðingur, skv. tilnefningu Tæknifræðingafélags Íslands.

Í skipunarbréfi nefndarmanna var erindi nefndarinnar skýrgreint sem hér segir: „Nefndin skal hlutast til um, að í frumvarpi til laga og/eða reglugerðar um skólann verði ákvæði, er tryggi, að nemendur hans fái jafngóða menntun og nemendur viðurkenndra tæknifræðiskóla í nágrannalöndunum, að því er varðar kennslumagn, kennslu- og námstímalengd og annað, er máli skiptir í því efni. Enn fremur skal í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir, að skipuð verði skólanefnd við skólann, þar sem eigi m. a. sæti fulltrúi frá Tæknifræðingafélagi Íslands og atvinnuvegunum.“ Í skipunarbréfinu var þess jafnframt óskað, að nefndin stefndi að því að ljúka störfum fyrir 1. október 1971.

Nefndin mat það svo, að á þeim stutta tíma, sem óskað var að hún lyki verkefni sínu á, væri ekki unnt að koma við jafnumfangsmikilli og nákvæmri athugun og þyrfti til að gera samanburð á tækni- og tæknifræðinámi í nágrannalöndunum og á Íslandi. Með hliðsjón af þessu varð samkomulag um það í nefndinni, að hún skyldi einbeita sér að því að endurskoða lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands með því að semja frumvarp, sem fæli í sér ákvæði um skipun og starfssvið skólanefndar við Tækniskólann, er m. a. skyldi ætlað það hlutverk að fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar og gera tillögur um breytingar á reglugerð Tækniskólans.

Nefndin leyfir sér loks að benda á það, að frekari athugun á framtíðarstöðu Tækniskóla Íslands í skólakerfinu er æskilegt að fela sérstakri nefnd, er skipuð yrði í samræmi við tillögur verk- og tæknimenntunarnefndar (sjá álitgerð hennar, „Um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi“, Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild, júní 1971, bls. 26, 4. lið), en í því nefndaráliði er lagt til, að þriggja til fjögurra manna nefnd verði skipuð til að endurskoða lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands og lög nr. 89/1970 um Háskóla Íslands, svo og til að semja lagafrumvörp um tækniháskóla og tæknaskóla.

Nefndin hélt alls 7 fundi, og var hinn fyrsti haldinn 24. ágúst, en hinn síðasti 4. október 1971.

*Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Inngangsákvæði gildandi laga, sem er heimildarákvæði um „að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands,“ er hér breytt til samræmis við ríkjandi staðreynd. Jafnframt er bætt við ákvæði um, að í starfi skólans skuli jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða, sbr. erindisbréf nefndarinnar og athugasemdir við 11. gr.

Um 2. gr.

Hér er bætt við ákvæði um, að menntamálaráðuneytið skipi skólanefnd við skólann. Starfsheiti stjórnanda skólans er breytt í rektor (hefur verið skólastjóri),

og er þetta í samræmi við rikjandi venju, bæði hérlendis og í nágrannalöndum, fyrir það skólastig, sem Tækniskóli Íslands starfar á.

Um 3. gr.

Hér er það smávægileg breyting til aukins skýrleika, að við setninguna: „Enn fremur ræður hann (þ. e. rektor), (...) starfsfólk skólans“ bætast orðin: **annað en fastráðna kennara**. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 4. gr.

Í stað orðalagsins: „hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla“ er hér sagt: hafa lokið tæknifræðiprófi. Þar sem starfsheitið tæknifræðingur er lögverndað, þótti þetta orðalag eðlilegra. Jafnframt var fellt niður ákvæði um, að kennsluskylda kennara skyldi ákveðin í reglugerð, en hún er nú ákvörðuð með kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Um 5.—6. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Skipulag Tækniskóla Íslands er nú þannig, að skólinn veitir inngöngu iðn-sveinum og auk þess gagnfræðingum og landsprófsmönnum, sem fullnægja skilyrðum skólans um verklega þjálfun. Þeir nemendur, sem stefna að tæknifræðiprófi, hefja námið í eins árs undirbúningsdeild, halda síðan áfram í eins árs raungreinadeild, og standist þeir kröfur þessa aðfaranáms, hefja þeir þriggja ára eiginlegt tækni-fræðinám. Fyrri mgr. greinarinnar er breytt til samræmis við þessa námsskipan, en í gildandi lögum er aðeins rætt um undirbúningsdeild og ekki tilgreint, hversu langt námið í henni er. Við síðari mgr. er bætt ákvæði um undirbúningsdeild á Ísafirði, en slík deild hefur nú verið starfrækt þar í nokkur ár.

Um 8. gr.

Ákvæði um próf þeirra, sem geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild skólans, eru gerð skýrari í 1. mgr. en þau eru í gildandi lögum, sbr. einnig athugasemdir við 7. gr. Auk þess er bætt við nýrri mgr. þess efnis, að ákvæði um verkskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólann, skuli setja í reglugerð.

Um 9. gr.

Reynt er að gera ákvæði þessarar greinar skýrari með því að taka fram, hvaða leiðir geti legið að tæknifræðinámi í Tækniskóla Íslands, þ. e. a. s.:

- a. próf frá raungreinadeild skólans;
- b. stúdentspróf stærðfræðideildar menntaskóla ásamt viðhlitandi verklegri þjálfun, sem reglugerð ákvarði;
- c. inntökupróf.

Um 10. gr.

Hér er um nýja grein að ræða, er fjallar um skipun skólanefndar við Tækni-skólann. Nefndarmenn voru sammála um að líta á 5 manns sem eðlilega hámarks-stærð skólanefndar við slíkan skóla, og í samræmi við það er hér gert ráð fyrir því, að skipuð verði skólanefnd, sem í eigi sæti formaður, skipaður af menntamála-ráðuneytinu án tilnefningar, og auk þess fulltrúar þeirra fjögurra landssamtaka, sem eðlilegast sýndist, að fengju fulltrúa í slíka nefnd. Samtök þessi eru:

- 1) Tæknifræðingafélag Íslands, sem sjálfsagt virðist að eigi sæti í skólanefnd, sbr. einnig fyrirmæli þar að lútandi í skipunarbréfi nefndarinnar, sem samdi frumvarpið.
- 2) Félag íslenzkra iðnrekenda. Það eru þau samtök einkaaðila, sem flestum tækni-fræðingum veita atvinnu, sbr. töfluna hér fyrir aftan.

- 3) Landssamband iðnaðarmanna. 60—70% þeirra, sem hefja nám í Tækniskólanum, eru iðnsveinar, enda var skólinn stofnaður fyrst og fremst með framhaldsmenntunarþarfir iðnaðarmanna í huga. Sýnist því eðlilegt, að landssamtök þeirra stétta eigi aðild að skólanefnd.
- 4) Alþýðusamband Íslands, sem almennur samnefnari launþegasamtakanna í landinu og menntamálastefnu þeirra.

Greinin gerir ráð fyrir því, að skólanefnd Tækniskóla Íslands verði skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn og að jafnframt hverjum aðalmanni verði skipaður varamaður í nefndina.

Samkvæmt könnun, sem stjórn Tæknifræðingafélags Íslands gerði að beiðni nefndarinnar, skiptast þeir meðlimir félagsins, sem voru starfandi hér á landi um s. l. áramót, þannig milli atvinnurekendahópa:

Opinberir aðilar .....	71	manns eða	36%
Félag íslenzkra iðnrekenda .....	54	— —	27%
Vinnuveitendasamband Íslands .....	23	— —	12%
Vinna á verkfræðistofum .....	20	— —	10%
Samband íslenzkra samvinnufélaga .....	11	— —	6%
Með sjálfstæðan atvinnurekstur .....	17	— —	9%

Alls 196 manns eða 100%

Lokaákvæði greinarinnar er ætlað að tryggja sem bezt samráð og samstarf milli skólastjórnar og skólanefndar.

Um 11. gr.

Hér er hlutverk og starfssvið skólanefndar skýrgreint, og virðast þau ákvæði ekki þarfnast skýringa. Vert er þó að benda sérstaklega á það hlutverk skólanefndarinnar að fylgjast með þróun tæknimenntunar erlendis og gera tillögur um stefnu-mörkun í málefnum skólans og breytingar á reglugerð hans. Með þessum hætti telur nefndin, sem samdi frumvarpið, eðlilegast að athugað verði um jöfn gæði tækni-fræðimenntunar á Íslandi og í nágrannalöndum.

Um 12. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, þarf að setja nýja reglugerð um Tækniskóla Íslands, er komi í stað þeirra tveggja reglugerða, sem nú gilda um starfsemi skólans, þ. e. 1) reglugerð um undirbúningsdeild undir tækninám og 2) reglugerð um Tækniskóla Íslands, báðar útgefna 22. ágúst 1964. Í greininni eru talin upp helztu atriði, sem nauðsynlegt er að setja ákvæði um í hina nýju reglugerð.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“